

AUKAÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA UM STOÐKERFI ATVINNU OG BYGGÐA

Haldið 25. nóvember 2011 á Ísafirði

Þingskjal nr. 3
Ræða formanns

Ágætu þingfulltrúar og aðrir gestir,

Ég hef verið að velkjast með þessa ræðu í kollinum alla leið til Rómarborgar og til baka. Það hefur ótal margt flogið í gegnum hugann á þessum tveimur mánuðum sem liðið hafa frá síðasta Fjórðungsþingi.

Við höfum ótal oft í gegnum ferlið spurt okkur þeirrar spurningar af hverju við höfum þessa vegferð, og ef til vill var það ekki ljóst. En í mínum huga var það ótalmargt sem varð til þess að ég að einhverju leiti ýtti þessari vegferð af stað.

Í fyrsta lagi þá var það á sínum tíma að ansi margir stjórnarmenn og starfsmenn komu til mín og lýstu yfir áhyggjum sínum af stöðu mála innan stoðkerfisins, rætt var um að samvinna milli kerfa og stofnanna þyrfti að vera meiri, enda mikið af sambærilegum, eða jafnvel sömu verkefnum án þess að nægjanleg samvinna væri. Sömuleiðis nefndu margir að þeir efuðust um að við værum að veita þá bestu þjónustu sem við gætum veitt notendum þjónustunnar. Þá spilaði auðvitað staða atvinnuþróunarfélagsins inn í sömuleiðis. En í mínum huga var þó sú hugmynd fyrst og fremst; að sameinuð værum við sterkari eining. Taldi ég eðlilegt í ljósi þessa alls, sem og yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar að sameina stoðstofnanir atvinnulífsins – hin svokallaða hugmynd um „one-stop-shop“, að eðlilegt væri að kalla eftir afstöðu sveitarstjórnarfólks, sem og stjórna viðkomandi stofnanna til þessa máls.

Í framhaldinu var haldinn fundur á Hólmavík þar sem málið var rætt og átti í kjölfarið að boða til aukafjórðungsþings, en svo var boðað til ríkisstjórnarfundar á Vestfjörðum eins og frægt er og tíminn flaug sem svo endaði með því að við fjölluðum um tvær tillögur á Fjórðungsþingi nú í september síðastliðnum. Annars vegar var útfærð sameining þessara stofnanna og hins vegar var svokölluð klasa-samstarfshugmynd, þ.e. samstarf án sameiningar. Fyrri tillagan var samþykkt og var í kjölfarið skipaður starfshópur sem samanstóð af formönnum stjórna þessara stofnanna, auk þess sem fundi starfshópsins sat Díana Jóhannsdóttir, starfsmaður Fjórðungssambands Vestfirðinga sem jafnframt bar hitann og þungann af verkefninu og á mikla þökk fyrir ómælda þolinmæði gagnvart starfshópnum. Þá fengum við tengiliði innan samstarfsráðuneyta, og stofnanna sem hafa fengið að fylgjast vel með vinnunni, og hafa þeir almennt líst yfir ánægju með starfið.

Nú erum við svo komin saman aftur til aukafjórðungsþings og fyrir liggja tvær tillögur meirihluta starfshópsins, en hlutverk hans var eingöngu að útfæra mögulega sameiningu. Tillaga 1 sem gengur út á sameiningu allra stofnanna undir 5 manna stjórn sveitarstjórnarmanna, og tillaga 2 sem gengur út á sameiningu allra stofnanna undir 5 manna stjórn þriggja sveitarstjórnarmanna og tveggja hagsmunaaðila. Mun Ómar Már Jónsson, formaður stjórnar Atvinnuþróunarfélagsins og stjórnarmaður í Fjórðungssambandi Vestfirðinga kynna tillögurnar nánar hér á eftir og tel ég því ekki þörf á að fara ítarlegar í tillögurnar hér.

AUKAÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA UM STOÐKERFI ATVINNU OG BYGGÐA

Haldið 25. nóvember 2011 á Ísafirði

Þingskjal nr. 3
Ræða formanns

Hins vegar vil ég taka það fram að ég tel að svo stöddu að tillaga 1 sé heppilegri á ótalvegu, en þá horfi ég líka sérstaklega til góðrar reynslu af sama stjórnarfyrikomulagi á Vesturlandi og Norðurlandi Vestra. Sömuleiðis tel ég mikilvægt að veikja ekki hlut Fjórðungssambandsins, en í nýjum sveitarstjórnarlögum er m.a. kveðið á um styrkingu landshlutasamtakanna og sömuleiðis opnað á það að þau taki að sér byggðapróunarverkefni.

Eðlilega eru mismunandi skoðanir á þessum tillögum og hefur nú þegar nokkur gagnrýni komið fram á þær, en einnig stuðningur. Annað væri hreinlega óeðlilegt.

Á þessum síðustu tveimur mánuðum hefur umræðan verið mikil og almennt góð, þó verð ég að viðurkenna að ég hef verið mjög hugsí sömuleiðis. Verulega djúpt hugsí raunar, um okkur Vestfirðinga, um okkur íbúa svæðisins og samskipti okkar.

Satt best að segja hef ég á stundum verið hálf miður mín yfir því hvernig við komum fram við hvort annað, og þar þarf ég sömuleiðis að líta í eigin barm. En ég hef svo sannarlega á stundum verið miður mín hreinlega yfir því hvernig umræður og ekki síður baktal fer með okkur sem samfélag. Einhverra hluta vegna er ekki almennilegt traust hér, hvort sem er milli manna eða sveitarfélaga og raunar velti ég fyrir mér hvort þetta sé hugsanlega ekki vestfirskt heldur hreinlega íslenskt, eða jafnvel mannlegt. Hvað sem það er þá finnst mér það sorglegt að við getum einhverra hluta vegna ekki staðið betur staðið saman í samfélagi okkar, samfélagi sem nú er því miður komið undir 7000 manns. Sameinuð stöndum við, sundruð föllum við eru orð að sönnu og okkur ber að hafa þau í huga í dag sem og í framtíðinni.

Ég sagði í hálfkæringi við Díönu starfsmann Fjórðungssambandsins þar sem hún var með bókina „Faðmlög“ á skrifborðinu sínu að ef til vill væri vandi okkar hér fyrir vestan að við værum ekki nógu dugleg við að faðmast og segja hvort öðru hvað við erum frábær. Heldur virðumst við því miður vera alltof upptekin af því að níða skóinn af hvort öðru og það er ekki skrýtið að fólk vilji ekki búa í slíku samfélagi.

Ég hef sagt þessa sögu nokkrum sinnum á síðustu vikum, en ég fór í sviðaveislu til ömmu og afa á Seljalandsvegi um daginn. Þar var verið að ræða ýmsa hluti eins og bera að gera, sérstaklega þegar grænagarðsfjölskyldan kemur saman. Eitt af því sem kom upp var umræða um samstöðu í samfélögum, fólklóttu og fleira. Kom þá upp umræða um búsetu í Ísafjarðardjúpi og þróun hennar. Kom þar fram í máli margra að ekki væri skrýtið að fólk hefði ekki viljað búa þar enda hefði ávallt hver höndin verið upp á móti annarri og af hverju ætti nokkur að vilja að búa í samfélagi þar sem enginn vilji er til að starfa saman, það sem verst var þó kannski að menn töluðu ekki saman. Ég velti því fyrir mér hvort það sama sé hugsanlega að einhverju leiti satt um Vestfirði, af hverju ætti nokkur að vilja búa í samfélagi þar sem enginn unír öðrum velgengni, þar sem menn ræða ekki hlutina.

Auðvitað er ég að einhverju leiti að ýkja aðstæður, en ég taldi þó rétt að impra á þessu hér, því þetta hefur verið mér ofarlega í huga upp á síðkastið og ég held að þetta sé eitthvað sem við þurfum einhvernveginn að

Haldið 25. nóvember 2011 á Ísafirði

ávarpa, við eigum einmitt að hjálpast að, við eigum að standa saman stolt, enda eru Vestfirðir og Vestfirðingar bestastir í heimi og við höfum margt að vera stolt af. Við eigum að byggja upp samfélög sem við getum verið stolt af og við eigum að gæta okkar í samræðum og samstarfi. Ég vil þó árétta að ég er ekki að segja að við eigum ekki vera ósammála. Það er einmitt það sem við eigum að gera, það er fátt hollara en að skiptast á skoðunum og gera það vel og reglulega, enda er líklega fátt verra en að segja ekki skoðun sína og verða svo alltaf pirraðari og pirraðari. En við verðum ávallt að hafa í huga að við eigum að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, og hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa og vera dugleg við að ræða málin og reyna þannig að finna bestu mögulegu lausnina.

Það er nefnilega það sem er merkilegast að í þessu öllu er að yfirleitt eru þessi mál sem koma upp byggð á einhverskonar misskilningi, og hefðu verið auðleyst ef einhver hefði einfaldlega tekið upp símann og rætt málin, því það er ótrúlegt og raunar stórkostlegt hverju við getum áorkað ef við einfaldlega tölum saman. Ég ætla því frá og með deginum í dag að hringja í mismunandi sveitarstjórnarmenn, og er takmarkið einn á dag – jafnvel bara til að spjalla. Þið megið því kærur sveitarstjórnarmenn eiga von á símtali frá mér næstu vikurnar, kannski einna helst þó í upphafi nýs árs, enda mun ég væntanlega gefa ykkur frí frá mér um hátíðarnar. Ég hvet ykkur einnig eindregið til að taka upp símann og hafa samband við mig, síminn er 848 4256 eða 456 4265 og enn frekar að taka reglulega upp símann og hringja í aðra sveitarstjórnarmenn, já eða kíkjá í heimsókn sem er enn skemmtilegra.

Allt þetta verðum við sömuleiðis að hafa í huga í dag, því auðvitað höfum við skiptar skoðanir á því hvað er rétt í þessu máli sem við fjöllum um hér í dag. En ég bið ykkur aðeins um eitt, alveg sama hvort þið eruð sammála mér eða ekki, verum málefnaleg í umræðu okkar í dag, tölum líka saman utan ræðustóls, föðmust jafnvel, en umfram allt verum málefnaleg. Ég er sannfærð um það að með samræðu getum við tekið góða ákvörðun, jafnvel þó við séum ekki endilega fullkomlega sammála um leiðina.

Í mínum huga er málið fyrst og fremst mikilvægt að því leiti að með sameiningu þessara stofnanna þá getum við betur stillt saman strengi og jafnframt orðið hæfari til að takast á við stærri verkefni, þegar mannauður kemur saman þá geta hlutirnir ekki annað en orðið betri.

Auðvitað erum við öll dauðhrædd við þessa ákvörðun. Sérstaklega skil ég að starfsmönnum þyki þetta óþægilegt. Ég er ekkert feimin við að lýsa því yfir að ég er dauðhrædd við þessa ákvörðun. Ég hef samt sem áður verið lengi á þeirri skoðun að við þurfum að hrista upp í þessu kerfi okkar, við þurfum að hrista upp í okkur og það þýðir að við þurfum að stökkva frekar en að hrökkva, horfast í augu við hræðsluna og þora að taka áhættu.

Auðvitað væri voðalega þægilegt að ákveða að skoða þetta enn betur, en það væri þó líklega versta ákvörðunin sem við gætum tekið hér í dag því óvissan sem því fylgir myndi hafa í för með sér enn erfiðari aðstæður fyrir starfsmenn, en öll höfum við áhyggjur af því að missa þann mannauð sem við eigum í dag,

AUKAÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA UM STOÐKERFI ATVINNU OG BYGGÐA

Haldið 25. nóvember 2011 á Ísafirði

Þingskjal nr. 3
Ræða formanns

en starfshópurinn hefur einmitt lagt áherslu á það að ekki verði starfsmönnum fækkað og alls ekki starfsstöðvum. Við þurfum einnig að muna að við erum ekki að setja náttúruleg mál! Við erum ekki að fara að taka neina ákvörðun sem ekki er hægt að breyta ef við erum ekki sátt við niðurstöðuna.

Að lokum ágætu þingfulltrúar, ég upplifði sanna auðmýkt í síðustu viku í heimsókn minni til Rómarborgar. Ég upplifði ólýsanlega sterkt hversu smá við erum í samanburði við tímann, hversu lítilvægleg við í raun og veru erum. Við hvert horn voru byggingar sem voru byggðar jafnvel öldum fyrir byggð á Íslandi, og alltaf skaut upp í huga minn hversu langt á eftir við Íslendingar vorum í raun og veru, ég meina – amma mín var fædd í torfkofa og þarna voru þvílíkar hallir og byggingar sem voru byggðar löngu löngu fyrir okkar tíma. Tilfinningin var þó líklega sterkust þegar við vinkonurnar gengum inn í Péturskirkjuna og allt í einu upphófst orgelspil og ég sá hið stórkostlega altari Berninis, ólýsanlegt. Eftir á skaut þó niður þeirri hugsun að auðvitað eigum við Vestfirðingar þó líka stórkostlegar kirkjur, en í mínum huga eru fjöllin okkar kirkjur að svo mörgu leiti og þannig erum við ekki síður rík en Rómverjar.

Við þurfum að vinna saman, við þurfum að ræða saman, við þurfum að styðja hvort annað. Höfum það í huga í umræðum okkar hér á þessu aukabingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem er hér með sett.

Gerir að tillögu minni að fundarstjórar verði Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Elías Jónatansson. Einhverjar aðrar tillögur? Legg ég til að starfsmenn Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélagsins sjái um þingritun. Einhverjar aðrar tillögur?

Fel ég þá þingforsetum stjórn fundarins.